



Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar  
Norðurhella 2,  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 21.06.2021

### **Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1**

Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar auglýsir breytingu á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1. Breytingin felur meðal annars í sér að fjölnota 13.050m<sup>2</sup> knatthús verði staðsett nyrst á lóðinni ásamt fleiri breytingum.

Veitur eiga og reka dreifikerfi hitaveitu á svæðinu og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

350mm stofnlögn hitaveitur liggur í gangstétt milli Haukatorgs og Ásatorgs og áfram til austurs meðfram reitnum. Göngustígur sem fyrirhugaður er á meðfram fjölnota völlum kemur einnig til með að þvera lagnir Veitna og benda Veitur á að mikilvægt að verja lagnirnar fyrir raski á meðan á framkvæmdum stendur.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að unnið verði í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir